

Nd.

419. Frumvarp til laga

[70. mál]

um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 78 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65 hundraðshluta af launum héraðsráðunauta í búfjárrækt, og skulu laun þeirra, sem sá hundraðshluti miðast við, samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

6. gr. hljóðar svo:

Eftir hverjar sveitar- og bæjarstjórnarkosningar kýs sveitarstjórn þriggja manna kynbótanefnd, ef héraðsráðunaut þykir ástæða til, þar sem búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum, né heldur er starfandi nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Stjórn nautgriparæktarfélags, sem í er meiri hluti kýreigenda, er sjálfkjörin kynbótanefnd.

Setji búnaðarfélag sér nautgriparæktarsamþykkt, eftir að kosin hefur verið kynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgriparæktarfélag, sbr. fyrri málsgrein, fellur starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags. er samþykktina setti, eða þeir menn, er félagið kýs til þess sérstaklega.

10. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta, fær styrk til starfsemi sinnar eins og hér greinir á hverja reiknaða árskú, en tala þeirra á hverju búi er fundin með því að leggja saman skýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365:

1. Kr. 9.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað sjaldnar en 6 sinnum á ári.
2. Kr. 18.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað minnst annan hvern mánuð.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánara skal kveðið á um í reglugerð.

12. gr. hljóðar svo:

Hafi búnaðarsamband ekki sett sér búfjárræktarsamþykkt, geta nautgriparæktarfélög á sambandssvæðinu stofnað samband, ef þau hafa 1000 kúr minnst. Slíku sambandi er heimilt að ráða sér ráðunaut með sömu kjörum og getur í 4. gr. og nýtur til þess sama framlags úr ríkissjóði, enda starfi það samkvæmt samþykkt og reglum, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í samþykkt sé meðal annars kveðið á um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu sjaldnar vera en annan hvern mánuð, spjaldskrárfærslu þeirra kúa, sem á skýrslu eru, og hvernig jafna skuli niður kostnaði, sem leiðir af samþykktinni. Nú setur búnaðarsamband sér búfjárræktarsamþykkt, og gerist þá nautgriparæktarsamband, ef til er í umdæminu, aðili að búfjárræktardeild búnaðarsambandsins.

17. gr. hljóðar svo:

Telji nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands ástæðu til að hafa sérstakt eftirlit með einstökum kúabúum vegna þess, að afurðir kúnna bendi til, að þar kunni að vera álitlegar nautamæður, er heimilt að taka upp slíkt eftirlit. Kemur þá eftirlitsmaður að minnsta kosti 6 sinnum á ári á viðkomandi bú, er viðstaddur mjaltir kvölds og morguns, vegur mjólk úr hverri kú og tekur sýnishorn til fiturannsókna, allt eftir reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

Ríkissjóður greiðir framlag til slíks aukaeftirlits á allt að 30 búum á ári, kr. 640.00 á hvert bú, þó eigi yfir helming kostnaðar.

18. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, getur sett sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er fullnægja þeim skilyrðum, er samþykkt áskilur.

Hafi sauðfjárræktarsamþykkt eigi verið sett, geta minnst 6 menn í hreppi stofnað með sér sauðfjárræktarfélag til að vinna að kynbótum sauðfjár. Taka má í félagið menn úr öðrum hreppi, ef ástæða þykir til.

Eigi má félagsmaður hafa færri félagsær en 12, né heldur má hann eiga meira en helming félagsfjárins.

Í samþykkt fyrir sauðfjárræktarfélag skal kveða á um:

1. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótaféð og hver kind merkt sínu sérmerki.
2. Að haldnar séu afurða- og vigtarskýrslur um allt félagsféð.
3. Hversu haga skuli skýrsluhaldi, til þess að fá megi sem öruggasta vitneskju um erfðaeðli hvers einstaklings.
4. Önnur atriði, er varða félagsstarfið.

Samþykkt, sem sett er samkvæmt þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands, og tekur hún gildi, er hlotið hefur staðfestingu stjórnar félagsins.

29. gr. hljóðar svo:

Að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum kýs hreppsnefnd þriggja manna hrossakynbótanefnd, ef héraðsráðunaut þykir ástæða til, þar sem búnaðarfélag hefur ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum, né heldur er starfandi hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda. Ef búnaðarfélag setur sér hrossaræktarsamþykkt eða stofnað er hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, þeirra sem jörð hafa til ábúðar í hreppnum, eftir að kosin hefur verið kynbótanefnd, fellur starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags, er samþykktina setti, eða þeir menn, er félagið felur það sérstaklega.

Hrossakynbótanefnd annast þau störf, sem stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags eru annars ætluð. Farist kosning kynbótanefndar fyrir, ber hreppsnefnd að annast störf hennar.

32. gr. hljóðar svo:

Oheimilt er að láta stóðhest ganga lausan, sbr. þó 35. gr. Verði vart við slíkan hest, ber umráðamanni þess lands, þar sem hesturinn er, að láta handsama hann og flytja hann til hreppstjóra, sem næstur er í því lögsagnarumdæmi. Skal þá hreppstjóri taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við töku hans. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið þeim ágreiningi til úrskurðar dómkvaddra manna. Sömu ákvæði gilda um hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.

Heimilt er kynbótanefnd eða stjórn hrossaræktarfélags að banna, að ógeltir hestar á öðru ári gangi lausir, enda liggi fyrir samþykkt $\frac{2}{3}$ hluta hrossaeigenda á viðkomandi svæði.

35. gr. hljóðar svo:

Undanþágu frá ákvæðum um einangrun stóðhesta á tímabilinu frá 1. maí til 1. október má veita, ef beutilönd þau, þar sem hestarnir ganga, eru svo einangruð, að öruggt megi teljast. Slíka undanþágu veitir sýslunefnd með $\frac{1}{4}$ atkvæða eða Búnaðarfélag Íslands.

Eigi verður undanþága veitt, nema fyrir liggi umsókn frá hlutaðeigandi hreppsnefnd, enda hafi málið þá verið rætt á almennum hreppsfundi og samþykkt þar með $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða hrossaeigenda og síðan hlotið samþykki sýslunefnda þeirra, er hlut eiga að máli. Enn fremur skal fullnægt eftirgreindum skil-

yrðum: Stóðhestar þeir, sem lausir ganga, mega ekki yngri vera en þriggja vetra, og skulu eigendur fá sérstakt leyfi fyrir hvern hest. Ber þá að merkja hestinn greinilega með stöfunum LK á hægri lend og númeri, sem hrossaræktarráðunautur ákveður, á hina vinstri.

48. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að reka á kostnað ríkissjóðs tvö hrossaræktarbú, annað á Norðurlandi, hitt á Suðurlandi, þar sem fram fer stofnræktun, afkvæmaprófanir og tamning. Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með hrossaræktarbúum þessum, og skulu þau starfa samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Heimilt er að veita hrossaræktarfélagum fjárframlag til stofnræktar hrossa, ef ráðunautar Búnaðarfélags Íslands og stjórnir hrossaræktarsambanda og búnaðarsambanda þeirra, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt, mæla með. Árlegt framlag í þessu skyni má vera kr. 300.00 á hverja skýrslufærða hryssu, enda hlíti sá, er framlags nýtur, ráðum og umsjá hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

64. gr. hljóðar svo:

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari fyrir lok aprilmánaðar. Skal hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fódurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fódurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjäreigandi telur sig hafa.

Þegar að lokinni skoðun ber forðagæzlumaður niðurstöður sínar undir trúnaðarmann búnaðarsambandsins. Komi í ljós, að búfjäreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhírði, skal forðagæzlumaður tilkynna það hreppsnefnd þegar í stað. Er þá hreppsnefnd skylt að aðvara þegar þann, er hlut á að máli, og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann, að þeim tíma liðnum, ekki gert þær ráðstafanir, sem hreppsnefnd og trúnaðarmaður búnaðarsambandsins telja fullnægjandi, ber hreppsnefnd að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga, ef ekki er annars úrkosta.

Búfjäreigandi sá, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita hreppsnefnd stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

65. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun á hausti, gerir hann skýrslu um tölu búpenings, ásetning, fóðrun og fyrningar á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal skýrsla þessi gerð í tvíriti, og undirritar forðagæzlumaður bæði eintökin og einnig trúnaðarmaður viðkomandi búnaðarsambands. Forðagæzlumaður heldur öðru eintaki skýrslunnar til eigin nota og varðveizlu, en hitt eintakið sendir hann Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni skoðun.

Þá er forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsg. 64. gr., skal hann rita athugasemdir um fódurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá næstliðnu hausti og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

Hreppsnefnd semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

66. gr. hljóðar svo:

Heimilt er sveitarfélagi að stofna fódurbirgðafélag. Tilgangur fódurbirgðafélags er að tryggja það, að til sé á haustnóttum sá fódurforði fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í harðasta vetri, hafa eftirlit með því, að það sé þannig fóðrað og hirt, að því líði sem bezt og gefi sem mestan arð.

Stjórn fódurbirgðafélags sér um, að fódurbirgðir séu skoðaðar eins oft og þurfa þykir. Skal hin fyrsta skoðun ætíð fara fram fyrir 1. nóvember, sbr. 64. gr.

72. gr. hljóðar svo:

Þegar sjóður félagsins er orðinn það gildur, að hann nemur kr. 4000.00 á hvern félagsmann, er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 69. gr. að nokkru eða öllu leyti.

73. gr. hljóðar svo:

Fyrir lok júlímánaðar ár hvert sendir stjórn fóðurbirgðafélags Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um félagsstarfið, eftir því sem tekið er fram í samþykkt félagsins og Búnaðarfélag Íslands ákveður. Framlag ríkissjóðs greiðist þegar er reikningar og skýrslur félagsins hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands.